


ÍSE103G Íslenskt mál 1

Próf - sýnishorn

1. Skoðið myndina og fyllið í eyðurnar. (30 stig)

Anna og fjölskylda hennar



Á myndinni er fjölskylda Önnu (15.12. 1963). Anna er frá _____
(Ísland). Hún er _____ og talar _____. Hún er
fædd árið _____
(1963) og á _____ fimmta september. Hún verður þrjátíu og sjö
_____ á _____ (þriðjudagur). Hún _____
ljóst hár og _____ (brúnn) augu. Hún og _____
hennar _____ tvö _____, einn _____
sem heitir Kári og eina _____ sem heitir Ása. _____
Önnu heitir Árne, hann er kokkur og vinnur á _____. Helga er
_____ Önnu. Þær eru mjög góðar vinkonur. Þeim _____
gaman að fara í bæinn og tala saman á kaffihúsi. Árne og Pálmi eru hins vegar ekki mjög
góðir _____ og _____ mjög ólíkar skoðanir á öllu.
Þeir eru mjög ólíkir. _____ finnst skemmtilegt að vera heima og lesa en
Pálmi er alltaf úti á bar með strákunum í vinnunni. Honum finnst líka mjög skemmtilegt í
_____ (fótbolti) en Árne þolir ekki íþróttir. Flosi litli fer oft í heimsókn
til Flóka. Flóki er _____ Flosa. Hann er sjómaður og er sjaldan heima.
Flóki er _____ og á engin börn. Þess vegna finnst honum gaman þegar
Flosi kemur í heimsókn. Kári og Ása koma stundum með Flosa til Flóka. Kári, Ása og Flosi
eru _____ og leika sér oft saman. Gróa systir Flóka
er _____ krakkanna. Þau fara ekki oft til hennar af því að hún
_____ svo mikið að gera. Hún _____ allan daginn í
bókabúð. Helga, _____ Gróu, vinnur líka í bókabúðinni.

2. Hér er mynd af stundaskránni hennar Jónu. Hún er að fara í 10. bekk í vetur. Skoðið stundaskrána vel og fyllið síðan í eyðurnar. (15 stig)

10. bekkur	mánud.	þriðjud.	miðvikud.	fimmtud.	föstud.
8:00 - 8:40	Danska	Enska	Danska	Danska	Danska
8:40 - 9:20	Íslenska	Íslenska	Enska	Enska	Íslenska
9:35 - 10:15	Stærðfræði	Stærðfræði	Stærðfræði	Stærðfræði	Stærðfræði
10:15 - 10:55	Enska	Landafræði	Íslenska	Saga	Eðlisfræði
11:05 - 11:45	Vinnutími	Vinnutími	Líffræði	Íslenska	
11:45 - 12:35	M	A	T	U	R
12:35 - 13:15			Tölvufræði	Bókfærsla	Þýska
13:15 - 13:55	Sund		Tölvufræði	Bókfærsla	
14:05 - 14:45		Íþróttir			
14:45 - 15:25	Vélritun				

Fyrsti kennsludagur mánud. 4. sept. 2000

Jóna byrjar í skólanum _____ (mánudagur), 4. september.

Hún á alltaf að mæta klukkan átta _____ (morgunn). Hún er í

skólanum _____ (virkur dagur) en það er frí

_____ (helgi). Hún er ekki í tíma _____

(hádegi), þá getur hún farið heim að borða. Hún er alltaf í sundi

_____ (mánudagur) klukkan _____

_____ (13:15 - 13:55).

Hún er alltaf í stærðfræði þegar _____

(9:35) _____ (hver dagur). Henni finnst skemmtilegast í

bókfærslu. Bókfærsla er alltaf _____

(hádegi) _____ (fimmtudagur). _____

(dagur) ætlar hún að fara í bæinn og kaupa sér ýmislegt fyrir skólann, föt og bækur. Hún

er með _____

_____ (21.453,-) krónur í

vasanum.

3. Hrafn er að fara í ferðalag. Hann fer inn í herbergið sitt og pakkar fötunum sínum niður í ferðatöskuna. **Nefnið 5 hluti sem hann tekur með sér og til hvers hann ætlar að nota þá?** Athugið að beygja orðin rétt. (5 stig)

Í herberginu eru þessir hlutir á gólfinu:

bangsi belti bindi bjúga blóm bréf bursti dúkka eyrnalokkar fataskápur fiskabúr
gallabuxur geisladiskur húfa ilmvatn koddi kollur lampi lopapeysa náttföt nærföt
peysa poki púsluspil rúm sími skyr skyrta snjógalli snjótittlingur stuttermabolur
trefill ullarteppi úlpa úr varalitur vesti vettlingar ýsa

Hann ætlar að taka með sér _____

4. Veljið réttar hjálparsagnir í eyðurnar svo samtalið verði rétt. Athugið að beygja sagnirnar rétt. (8 stig)

A: _____ þú sagt mér hvað klukkan er?

B: Já, hún er hálf tvö.

A: Ég _____ að fara að drífa mig, annars kem ég allt of seint.

B: Hvert ertu að fara?

A: Ég _____ að mæta á fund eftir hálf tíma.

B: _____ þú að taka strætó?

A: Já.

B: Ég _____ keyrt þig. Ég er á bíl.

A: Þakka þér fyrir.

B: Þú _____ líka fengið bílinn lánaðan.

A: Nei, ég _____ ekki á bíl.

B: Jæja, þá _____ ég keyra þig.

eiga geta kunna skulu verða þurfa

5. Lesið textann. Setjið rétt orð í eyðurnar. (12 stig)

Sigurður er hávaxinn og grannur. Hann er með ljóst _____ . Hann er með _____ augu og hann er með _____ og gleraugu. Hann er í svörtum _____ og með _____ regnhlíf. Sigurður er í _____ gallabuxum og _____ vesti. Sigurður er að fara í afmæli í kvöld. Ása, vinkona hans, er 27 ára. Hann þarf að kaupa afmælisgjöf handa henni. Hann hefur ekki hugmynd um hvað hann á að kaupa. Hann ákveður að kaupa handa henni rósir. Svo fer hann heim til þess að skipta um föt. Hann fer í _____ og _____ . Hann setur líka á sig _____ .

bindi bláa blágræn bláum gallabuxur hár
hvíta rauðu skegg skyrtu stígvélum svartar

6. Lesið eftirfarandi samtöl. Hvar er fólkið? Svarið í heilum setningum. (7stig)

Hanna: Rosalega er þetta eitthvað léleg mynd.

Gunnar: Já, svo borgar maður 500 krónur fyrir svona vitleysu.

Hvar er fólkið? _____

Jón: Get ég aðstoðað?

Svava: Já, áttu svona hvíta stuttermaboli númer 40.

Hvar eru Jón og Svava? _____

Rúnar: Ertu búin í baði?

Solla: Nei, ekki alveg, ég á eftir að skola á mér hárið.

Hvar er fólkið? _____

Páll: Hvernig finnst þér leikritið?

Gréta: Mér finnst það fint. Það er gaman að sjá svona gamanleik.

Hvar er fólkið? _____

Gunnar: Það er allt í drasli hérna.

Jóna: Ég veit, það er ekki einu sinni pláss fyrir bílinn.

Hvar eru Gunnar og Jóna? _____

Anna: Nennir þú að fara út með ruslið?

Hreinn: Já, já. Klára þú þá að taka úr uppþvottavélinni á meðan.

Hvar eru þau? _____

Ingunn: Viltu lækka aðeins í sjónvarpinu.

Heimir: Nei, ég er að horfa á fréttirnar

Hvar er fólkið? _____

7. Lesið samtölin. Hvað eru Sólveig og Pétur að gera? (3 stig)

P: Eigum við að kaupa grænmeti í matinn?

S: Já, tökum líka nokkra ávexti og svo vantar okkur líka brauð.

P: Settu pínulítið meira salt í sósuna, þá verður hún fullkomin.

S: Finnst þér það? Heyrðu taktu fiskinn úr ofninum. Hann má ekki brenna við.

P: Á peysan að fara í þurrkarann?

S: Nei alls ekki. Hengdu hana upp.

P: Settu handklæðin í vélina núna. Ég er búin að taka allan þvottinn úr henni.

8. Samsett orð. (5 stig)

Takið undirstrikuðu orðin í sundur og sýnið hvernig þau eru samsett (stofnsamsetning, eignarfall eintala eða eignarfall fleirtala).

Dæmi: pönnukökur: panna + kaka, eignarfall eintala

Bert er frá Noregi. Hann er á Íslandi til þess að læra íslensku. Það er mjög kalt á Íslandi svo hann fer í fatabúð og kaupir ullarsokka og leðurjakka. Svo fer hann inn á kaffihús og fær sér pönnukökur með berjasultu.

9. Stíll. Skrifaðu 15 línur um þig sjálfa(n). Hvernig lítur þú út? Í hvernig fötum ertu? Segðu frá fjölskyldu þinni. Segðu frá áhugamálum þínum. (15 stig)
